

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 60/2025

2025/EES/38/18

frá 14. mars 2025

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1280 frá 30. apríl 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar samþykkestímabil fyrir virku efnin dódemorí, fitusýrur C8-C10 metýlestra, lárínsýru, metýloktanóat, metýldekanóak, olíusýru og *Trichoderma atroviride* (áður *T. harzianum*) af stofni IMI 206040 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 1280:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1280 frá 30. apríl 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1280, 3.5.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/1280, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1280, 3.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1280/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.